

## Viðauki 1

### Styrkhæfur kostnaður

Iðnaðarráðuneytið tekur þátt í fjármögnun styrkhæfs kostnaðar. Styrkhæfur kostnaður skal koma fram í umsókn um stuðning og eftirfarandi er til leiðbeiningar um hvað fellur undir styrkhæfan kostnað:

**Styrkhæf verkefni** eru rannsóknar- þróunar- og nýsköpunarverkefni sem markvisst stefna að markaðssetningu nýrrar eða endurbættrar vöru eða þjónustu, þ.m.t. ferðaþjónustu og skapandi greina. Nánar er kveðið á um styrkhæfni verkefna í 2. gr. samningsins.

Um verkefni sem kostuð eru af vaxtarsamningnum gilda eftirfarandi reglur:

Viðurkenndir kostnaðarliðir vegna styrkhæfra verkefna:

- Laun og launatengd gjöld
- Rekstrarvörur og efni o.fl.
- Aðkeypt þjónusta
- Ferðir og fundir
- Markaðsrannsókn/könnun

#### Nánari útlistun einstakra kostnaðarliða:

##### Laun og launatengd gjöld

Lagður er til grundvallar sá tími sem starfsmenn (þátttakendur) vinna í verkefninu.

- Til hliðsjónar skulu vera almennir kjarasamningar og stofnanasamningar.
- Launakostnaður miðast við útborguð laun að viðbættum launatengdum gjöldum.
- Ekki er hægt að nota útseldan taxa til viðmiðunar við útreikning launa.

##### Rekstrarvörur

Í umsókn skal upplýst um aðföng fyrir verkefnið. Sé um að ræða almennar rekstrarvörur tengdar rannsóknar- og þróunarstarfsemi er fullnægjandi að lýsa rekstrarvörunum stuttlega og áætla samtölu kostnaðar. Sé á hinn bóginn um sérhæfðar rannsóknir að ræða þar sem þörf er á dýrum rekstrarvörum eins og oft á sér stað í tilraunaframleiðslu skal upplýsa um vöruflokka og einingarverð.

##### Aðkeypt þjónusta

Lýst skal aðkeyptri þjónustu undir þessum lið hvort heldur sem hún er unnin af stofnun eða fyrirtæki sem jafnframt er umsækjandi eða öðrum rekstraraðilum. Gerð skal grein fyrir hvað felst í hinni aðkeyptu þjónustu eða ráðgjöf, hvers vegna hún er keypt af viðkomandi aðila, hvað þjónustan kostar, hver sé hinn skilgreindi afrakstur og hverjir eru afgreiðsluskilmálar.

##### Ferðir og fundir

Gerð skal grein fyrir öllum ferðum bæði utanlands og innanlands, hver er tilgangur ferðanna, hvert farið er og hvað ferðirnar kosta.

Akstur innanlands vegna lengri ferða og í stað flugs innanlands er greiddur skv. reglum fjármálaráðuneytis nr. 1/2009, á grundvelli akstursdagbókar og skv. framlögðum reikningi.

### **Markaðskönnun/rannsókn**

Markaðskönnun til að kanna viðbrögð markaðarins við notagildi hugmyndar og hvort raunverulegur og arðsamur markaður geti verið fyrir hendi.

Hefðbundið markaðsstarf starfandi fyrirtækja sem ekki felur í sér aðgerðir tengdum nýjum vörum og þjónustu er ekki styrkhæft úr vaxtarsamningi.

### **Vaxtarsamningurinn fjármagnar ekki:**

- Fjárfestingu í hráefnum þ.m.t. tækjum og búnaði sem eru hlutar af afurð eða þjónustu sem ætluð er til sölu.
- Fjárfestingu í sjálfu framleiðsluferlinu og umhverfi þeirra þ.m.t. húsnæði og tækjabúnaði til framleiðslu afurða og þjónustu sem ætluð er til sölu.
- Vaxtarsamningurinn styður ekki markaðsfærslu og sölustarfsemi umfram framangreint.

Vaxtarsamningurinn samþykkir ekki kostnað sem fallið hefur til vegna verkefnis áður en umsókn er lögð inn hjá umsjónaraðilum vaxtarsamnings, þ.m.t. mótframlag þátttakenda.